

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á NESKAUPSTAÐ (1)

Dagsetning	21. júní 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2027
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson Þórarinn Oddsson
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N65 08,451 V13 44,236
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust. Engin athugasemd var gerð.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Neskaupstað (1), farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum.

Við eftirlit var vatnsstaða í olíuskilju óvenju há, eins og ekki rynni almennilega frá stöðinni. Kom í ljós við nánari eftirgrennslna að stórviðri höfðu nánast lokað útfalli í sjó. Eftir að gert hafði verið við fráveituna var frárennsli olíuskilju prófað með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu. Olíuskilja var tæmd 15. maí sl.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Farið var yfir kröfur um botnþykktarmælingar á geymum í stöðinni. Fimm geymar eru í stöðinni og hafa þeir allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Tvær lagnir af bryggju og inn í stöðina svo og verksmiðjulögn hafa verið þrýstiprófaðar á síðustu fimm árum. Gasólulögn á milli olíubirgðastöðvar og brunns á bryggju var þrýstiprófuð 14. desember sl.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskilja. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik:

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust.

### Athugasemdir:

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Reykjavík, 12/09/2011

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.